

Kvikmyndahúsin 1918



- Hvaða bíómyndir gátu íbúar Reykjavíkur séð á fullveldisárinu? Veljið einn mánuð og rennið yfir auglýsingar í dagblöðum á timarit.is (t.d. Morgunblaðið eða Vísi). Finnið áhugaverðar auglýsingar og lýsingar á myndum.

Íþróttarárið 1920



- Tveimur árum eftir að fyrri heimsstyrjöldinni lauk fór íþróttahéimurinn að ná sér á strik á nýjan leik. Ólympíuleikar voru haldnir í Antwerpen og knattspyrna var leikin í öllum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum var keppt í fjölda greina. Takið saman hápunkta íþróttarársins 1920 á Íslandi og erlendis. Hverjir urðu meistarar í helstu deildum? Hver voru heimsmetin? Hvað gerðist hér heima? Heimildir: Timarit.is og Wikipedia, auk annarra upplýsingasíðna.

Boðið til veislu



- Setjið saman veislumálsverð ársins 1918, með því að nota aðeins matvæli sem auglýst voru í dagblöðunum. Ekki gleyma drykkjunum og eftirmatnum. Heimild: timarit.is

Topp 10-listinn



- Bestu lög fullveldisársins. Þið eruð plötusnúðar árið 1918. Veljið 10 af vinsælustu lögum ársins, finnið þau á Youtube og útbúið stuttar kynningar. Heimild: Youtube og Wikipedia, t.d. greinin 1918 in music.

Brandarabankinn



- Hvað er fyndið? Hugmyndir fólks um gamansemi hafa breyst í gegnum tíðina. Hvernig hafa hundrað ára gamlir brandarar elst? Veljið tíu geggjaða brandara úr „Gamanblaðinu“ sem gefið var út árið 1917. Heimild: timarit.is